

**Stofnanasamningur
milli
Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og
SFR – stéttarfélags í almannajónustu**

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi tekur til félagsmanna í SFR – stéttarfélagi í almannajónustu, sem ráðnir eru til starfa hjá Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra frá 9. mars 2005.

2. Röðun starfa í launatöflu

Um röðun starfa í launatöflu fer eftir starfsmatskerfinu SKREFi.

Störf raðast inn í launatöflu skv. eftirfarandi töflu frá 1. maí 2006:

Stigafjöldi	Launafl.	Stigafjöldi	Launafl.	Stigafjöldi	Launafl.
120	005	230	016	600	027
130	006	240	017	650	028
140	007	260	018	700	029
150	008	280	019	750	030
160	009	300	020	800	031
170	010	325	021	850	032
180	011	350	022	900	033
190	012	400	023	950	034
200	013	450	024	1000	035
210	014	500	025		
220	015	550	026		

Frá 1. maí 2007 raðast störf inn í launatöflu skv. eftirfarandi töflu:

Stigafjöldi	Launafl.	Stigafjöldi	Launafl.	Stigafjöldi	Launafl.
120	006	230	017	600	028
130	007	240	018	650	029
140	008	260	019	700	030
150	009	280	020	750	031
160	010	300	021	800	032
170	011	325	022	850	033
180	012	350	023	900	034
190	013	400	024	950	035
200	014	450	025	1000	036
210	015	500	026		
220	016	550	027		

2.1. Hæfnismat

Þegar starf hefur verið metið samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi, skal meta hæfni starfsmanna sem er umfram það sem starfið krefst.

Yfirmaður metur hæfni starfsmanna sinna í samráði við starfsmatsstjóra. Matið er gert við fastráðningu í starf og er endurskoðað í árlegu starfsmannasamtali og við lok árs mats hverju sinni.

Eftirfarandi þættir eru metnir í hæfnismati:

A – Þekking

1. Menntun, sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins samkvæmt starfsmati.

a) Formlegt háskólanám

Diplómanám – 45 einingar	20 stig
Háskólapróf BA/BS – 90 einingar	40 stig
Háskólapróf BA/BS – 120 einingar	50 stig
Háskólapróf MA/MS eða sambæril.	70 stig
Háskólapróf Dr. eða sambæril	90 stig

b) Annað nám á háskólastigi

Stakar einingar sem ekki hafa þegar verið metnar í formlegu háskólanámi. Hverjar 5 einingar eru metnar til 2 stiga, allt að 45 einingum.

c) Starfsnám/símenntun

Nám, allt að 60 klst.	4 stig
Nám, allt að 120 klst.	8 stig
Nám, allt að 200 klst.	16 stig

Að jafnaði skal ekki meta starfsnám/símenntun sem er eldra en tíu ára.

2. Fyrri reynsla, sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins samkvæmt starfsmati.

Við upphaf ráðningar skal meta fyrri reynslu sem nýtist í starfi. Hér er aðallega átt við starfsreynslu þar sem hvert ár er metið til 4 stiga, að hámarki 32 stig alls. Önnur reynsla, sem nýtist í starfi, getur einnig komið til mats að hámarki 32 stig. Fyrri reynsla verði því metin mest í hæfnismati 32 stig.

B - Árangur í starfi

Stig úr árlegu ársmati koma til uppsöfnunar, að lágmarki 4 stig á ári fyrir fullt starf og að hámarki 7 stig á ári.

3. Endurskoðun

Endurskoða skal samning þennan í samræmi við 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra.

4. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006.

Reykjavík, 22. maí 2006

Fh. SFR – stéttarfélag í almannajónustu

Fh. Landsbókasafns Íslands -
Háskólabókasafns

Bókanir

með stofnanasamningi SFR – stéttarfélags í almannajónustu og
Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Bókun 1

Tryggt skal að dagvinnulaun félagsmanna SFR sem eru í starfi hjá Lbs-Hbs við undirritun samningsins hækki að lágmarki um 3% (einn launaflokk) til og með 1. maí 2007. Hækkunin er umfram hækkun launatöflu 1. janúar 2007.

Bókun 2

Samningsaðilar eru sammála um að finna þurfi lausn á því hvernig hægt er að samræma launatengingu starfsmatsins innan Lbs-Hbs við aðrar sambærilegar stofnanir sem nota starfsmatskerfið SKREF.